

97 einnig þau, sem ákveðin eru af sýslunefnd eða amtsráði, og getur varla verið vafi um
13. júní. það, að rjett sje að ávísa úr sýslusjóði sjerhverju gjaldi því, er varðar almenning í sýslunni þó bein lagaheimild sje ekki fyrir því. Þarf samþykkis amtsráðs til þess, ef gjaldið verður heimfært undir 43. gr. sbr. 26. gr. tilsk., en annars ræður sýslunefndin því ein.

Með því nú að sýslunefndin hefir ákveðið, að greiða skuli gjald það, er hjer ræðir um úr sýslusjóði, með því að gjaldið eptir samhuga áliti sýslunefndarinnar og amtsráðsins snertir hag sýslubúa, og með því að það verður ekki heimfært undir 43. gr. sbr. 26. gr. tilsk. 4. maí 1872, má hin áminnzta útgjaldagrein í sýslureikningnum samkvæmt 42. gr. tilskipunarinnar óhöggnað standa.

98 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk handa barnaskóla.*
13. júní. — Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 3. þ. m.; hefi jeg af fje því, sem getur um í 13. gr. C.6. fjárlaganna veitt barnaskólanum í Gerðum í Rosmhvalanesshreppi 200 kr. styrk fyrir þetta ár.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, og læt jeg fylgja ávísun á áminnzta upphæð.

99 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um sakamálskostnað.*
21. júní. — Með úrskurði frá 1. nóv. f. á. er sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefir skotið hingað, hafið þjer, herra amtmaður, ákveðið, að 74 kr. málskostnaður við rannsókn um þjófnaðargrun gegn Ólafi nokkrum Ólafssyni auknefndum «kunningja», ætti ekki að greiðast úr jafnaðar sjóði, heldur af búi Ólafs, en hann dó áður en rannsóknin var til lykta leidd, og sakamál höfðað á móti honum.

Hin áminnzta rannsókn byrjaði 29. ágúst 1877 á Seyðisfirði, og gekk grunurinn út á, að Ólafur hefði stolið 5 kindum, sem hann haustið þar á undan, 1876, hefði haft undir höndum og sagt, að hann hefði keypt af vesturförum; en kostnaður sá sem spurning er um, hefir sprottið af 2 ferðum, sem sýslumaður fór 10. og 23. sept. 1877 til að yfirheyra vitni í málinu. Þjer byggði herra amtmaður, úrskurð yðar á því, að Ólafur heitinn hafi gefið tilefni til rannsóknarinnar; en þó þetta kynni að vera, og þó spurning hefði orðið um, að dæma hann til að greiða bæði kostnað þenna og annan málskostnað, ef mál hefði verið höfðað móti honum, áður en hann dó, getur því síður komið til tals að skipa sýslumanni nú að höfða mál fyrir þessum kostnaði gegn erfingja Ólafs, er virðist að hafa tekið við búinu eptir hann, sem líkur þær, er koma fram gegn neitun Ólafs um að hafa orðið sekur í því, sem upp á hann var borið, ekki voru svo sterkar, að líklegt sje, að hann, ef ekkert meira hefði komið fram gegn honum, hefði orðið fyrir útlátum í málinu.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, og með því að þjer, herra amtmaður, hafið samþykkt upphæð kostnaðarins, fæ jeg ekki sjeð, að jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins komist hjá að greiða þessa upphæð.

100 — *Brjef landshöfðingja til amtsráðs norður- og austurumdæmisins um fæðis-*
25. júní. *kostnað málleysingja.* — Í brjefi frá 28. f. m. hafa hinir 2 kosnu amtsráðsmenn út af því, að jeg 25. apríl þ. á. hafði beiðzt álits amtsráðsins um það, hvort mál-